

Sigurður Þórir við eitt verkanna á sýningunni.

Ljós. Kristinn.

KJARVALSSTAÐIR:**VINNAN — FÓLK-
IÐ — LANDIÐ****Samsýning tveggja listamanna**

„VINNAN — fólkíð — landið.“ nefnist sýning sem opnuð verður í dag kl. 16 í vestursal Kjarvalsstaða. Tveir myndlistarmenn, Guðmundur Ármann og Sigurður Þórir, standa að sýningunni og eru á henni um 90 myndir — málverk, grafík og teikningar. Þessi sýning hefur þá sérstöðu, eins og nafnið bendir til, að meginhluti verkanna sýnir fólk við vinnu — í fiskvinnslu, uppskipun, verksmíðjuvinnu, skipasmíði o.fl. Einnig eru á sýningunni nokkrar landslagsmyndir.

Guðmundur Ármann er fæddur árið 1944. Hann gekk í Myndlista- og Handíðaskólann og nam síðan við Valands-listaskólann í Svíþjóð þar sem hann lauk námi 1972. Guðmundur hefur haldið tvær einkasýningar á Mokka-

kaffi 1971 og Gallery Súm 1972, og einnig tekið þátt í nokkrum samsýningum bæði hér heima og erlendis. Hann er búsettur á Akureyri.

Sigurður Þórir er fæddur í Reykjavík 1958. Hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólann og síðan við Konunglegu akademíuna í Kaupmannahöfn til ársloka 1978. Hann hefur haldið tvær einkasýningar í Gallery Súm, árin 1976 og 1979, og einnig verið með einkasýningar í Kaupmannahöfn og Þórs höfn, auk þess sem hann hefur tekið þátt í samsýningum. Sigurður er búsettur í Reykjavík og starfar sem kennari við Myndlistaskólann í Reykjavík.


Sýningin „Vinnan — fólkíð — landið“ er opin frá kl. 14—22 alla daga en henni lýkur 22. febrúar.



Guðmundur Ármann er þarna að hengja upp eitt af verkum sínum.

TÓNLIST**Klassík á
Hlíðarenda**

Annað kvöld kl. 20 syngja hjónin Hjálmtýr E. Hjálmtýsson og Margrét Matthíasdóttir við undirleik Steinunnar B. Ragnarsdóttur á veitingastaðnum Hlíðarenda. Þau munu flytja óperuaríur og lög úr söngleikjum.

**HÁSKÓLATÓNLEIKAR:****Frönsk tónlist frá
upphafi þessarar aldar**

Í DAG kl. 17 verða þriðju háskólatónleikar vetrarins í Félagsstofnun stúdenta við Hringbraut. Flytjendur eru Manuela Wiesler flautuleikari og Julian Dawson-Lyell pianóleikari.

Á efnisskránni er frönsk tónlist frá upphafi þessarar aldar og eiga tónverkin það sameiginlegt að vera fyrst og fremst til skemmtunar, bæði flytjendum og áheyrendum. Sumt af tónlistinni mætti flokka sem skemmtitónlist eða kaffihúsatónlist. Flutt verða verk eftir F. Borne, G. Fauré, J.

Mouquet, A. Roussel og P.A. Génin.

Þau Manuela Wiesler og Julian Dawson-Lyell þarf ekki að kynna fyrir íslenskum tónleikagestum en þau hafa bæði komið fram á fjölda tónleika hér á landi og erlendis. Þau hafa einnig leikið mikið saman á undanföllum árum og má nefna tónleika þeirra á Listahátíð í Reykjavík 1978, í Wigmore Hall í London 1979 og tónleikaferð til Noregs á sl. hausti. Viðtökur hafa verið mjög góðar.



Manuela Wiesler.

**LÚDRASVEIT HAFNARFJARÐAR:****Hljómleikar í
Íþróttahúsinu**

LÚDRASVEIT Hafnarfjarðar heldur sína árlegu hljómleika í íþróttahúsinu í Hafnarfirði á morgun- og hefjast þeir klukkan 16.

Starf lúdrasveitarinnar stendur með miklum blóma um þessar mundir. 40 félagar eru í sveitinni og eru æfingar vel sóttar. Stjórnandi er Hans Ploder Fransson.

Efnisskrá hljómleikanna er fjölbreytt að vanda og bæði verða flutt íslensk og erlend lög. Kynnir verður Steinþór Einarsson.

Það er von lúdrasveitarinnar að Hafnarfirðingar fjölmenni á hljómleikana á morgun og sýni þar með stuðning sinn í verki, segir í fréttatilkynningu frá sveitinni.

AKUREYRI:**Berkofsky
með pianó-
tónleika**

Akureyri, 5. febrúar. PÍANÓLEIKARINN Martin Berkofsky leikur í Borgarbiói laugardaginn 7. febrúar kl. 17 á vegum Tónlistarfélags Akureyrar. Á efnisskránni verða 5 sönötur eftir Beethoven þ. á m. Tunglskinnsónatan. Er þetta í fjórða sinn sem listamaðurinn kemur fram á Akureyri, en auk þess mun hann leika á Saudárkróki sunnudaginn 8. febrúar kl. 16.

Berkofsky á nú heima í París og hefur haldið marga tónleika undanfarið svo sem í Vín, Búdapest og í Englandi. Sl. haust lék hann ásamt Önnu Málfríði Sigurðardóttur konsert fyrir tvö pianó og hljómsveit eftir Max Bruch í Trier í Þýskalandi. Berkofsky kemur hingað á vegum Tónlistarskóla Akureyrar og heldur námskeið fyrir pianónemendur og kennara skólans dagana 9. til 14. febrúar.

Sv.P.

YS OG ÞYS ÚT AF ENGU:**Sýningar hefjast
að nýju**

Á morgun hefjast að nýju sýningar Herranætur, leikfélags MR, á gamanleiknum „Ys og þys út af engu“ eftir nokkurt hlé, sem varð vegna illvígrar influensu. Nú eru allir komnir til heilsu á ný og albúnir að hefja leik af tvífeldum kraft.

Leikritið var frumsýnt hinn 30. janúar við góðar undirtektir áhorfenda, „og gekk fólk vart

óstutt út að sýningu lokinni,“ segir í fréttatilkynningu frá Herranótt.

Sýningar verða eins og áður í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi og hefjast kl. 20.30. Uppselt er á sýninguna á morgun en næstu sýningar þar á eftir eru á mánudag, þriðjudag og fimmtudag. Miðasala er á staðnum milli kl. 17 og 19 sýningardagana.



Úr gamanleiknum Ys og þys út af engu, sem Herranótt sýnir um þessar mundir í Félagsheimili Seltjarnarness.